

Félagar í FÍFL og Jöklarannsóknarfélagi Landlæknisembættisins á tindri Eyjafjallajökuls. Frá vinstri eru Pétur Hannesson röntgenlæknir, Engilbert Sigurðsson geðlæknir, Áslaug Gunnarsdóttir heimilislæknir, Hjalti Gylfason, Ingvar Rögnvaldsson, Hallgrímur Guðjónsson meltingarlæknir, Hallgrímur Jónasson, Jónas Þór Jónasson og Tómas Guðbjartsson brjósthol-skurðlæknir. Mynd Dagný Heiðdal.



FÍFL á fullri ferð

Laugardaginn 25. apríl stóð FÍFL fyrir árlegri göngu á Eyjafjallajökul. Reyndar stóð upphaflega til að ganga á jökulinn á sumardaginn fyrsta en vegna veðurs var göngunni frestað um tvo daga. Aðeins 7 af þeim 20 sem upphaflega höfðu skráð sig gátu tekið þátt. Veður var frábært, sól og gott útsýni en færð í þyngra lagi vegna nýsnævis og sólbráðar. Gengin var Seljavallaleið með smá úttúrdúr á bakaleiðinni.

Alls tók gangan 10 klst. og náðu allir tindinum eftir rúmlega 6 tíma göngu. Á leiðinni urðu sprungur á leið leiðangursmanna. Á tindinum rákust FÍFLarar á annað göngufélag, Leifar af jöklarannsóknafélagi Landlæknisembættisins, en í þeim merka félagsskap eru allnokkrir læknar. Reyndar voru landlæknir og margir kollega hans fjarri góðu gamni en Hallgrímur Guðjónsson meltingarfæralæknir hélt uppi heiðri félagsins.

FÍFL er með ýmislegt á þrjónunum og er stefnt að fjallaskíðaferð á Heklu 4. maí ef veður leyfir og síðar í sumar gönguferð á Herðubreið og jafnvel Snæfell. Þessar ferðir verðar auglýstar nánar síðar.

Þeir sem hafa áhuga á fjallskíðaferð á Heklu vinsamlega hafið samband við engilbs@landspitali.is eða tomagud@landspitali.is